

Stjórnarfundur í TSÍ haldinn þann 28. feb. 2007

Mættir voru: Jón Gunnar, Raj, Jónas og Gunnar

- Menn voru sammála um að nauðsynlegt sé að bíða og sjá hverjar niðurstöður verða hjá ITF og ÍSÍ varðandi styrkjamál áður en hægt er að taka afstöðu varðandi ráðningu á framkvæmdstjóra TSÍ. Einnig er nauðsynlegt að Skjöldur komi að málinu sem formaður TSÍ, en hann var ekki á fundinum vegna veikinda. Menn ræddu í víðu samhengi fjárhagsáætlun sem Raj lagði fram og hugleiðingar Jónasar um sama efni. Menn vilja þannig bíða með ákvörðun þar til allar forsendur liggja fyrir.

Jón Gunnar benti á að ráðning framkvæmdastjóra gefi einnig mikla möguleika til að auka tekjur sambandsins. Má þar nefna styrki frá stórum fyrirtækjum og aðrar auglýsingatekjur. Einnig sýndi staðreynd að brátt verður Tennishöllin í Kópavogi tilbúin sem gefur mikla möguleika fyrir tennisíþróttina. Því er ástæða til bjartsýni mikil varðandi tekjuaukningu á næstu misserum.

- Gunnar ítrekaði að skipuleggja þarf ferðir okkar bestu tennisleikara í sumar. Ekki síst þeirra sem ekki eru valdir í á Davis Cup liðið en vilja gjarnan spreyta sig á erlendri grundu í sumar. Raj er m.a. að skoða væntanlega Danmerkurferð. Einnig var bent á að 16 ára hópurinn hefur ekki farið í keppnisferð í 2 ár eða síðan árið sumarið 2005, sem er afleitt! Skoða þarf þessi mál sem allra fyrst því á þessum aldri eru framfarir hvað mestar.

- Jón Gunnar pantaði sal fyrir TSÍ þingið þann 16. maí kl. 18.00 næstkomandi.

- Raj fer út á þriðjudaginn til keppnis í Development Cup, 14 ára og yngri.

- Næsti fundur er fyrirhugaður 20. mars kl. 12.00. Þegar Raj er kominn aftur. Vonandi boðar Skjöldur þann fund.

Gunnar Finnbjörnsson

2. mars. 2007